

**Origo**

**Samfélagsuppgjör  
(ESG)**

**2019**

Origo hf  
Borgartúni 37, 105 Reykjavík  
kt: 530292-2079

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun forstjóra	<b>3</b>
Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs	<b>6</b>
Hápunktar umhverfisársins	<b>7</b>
Umhverfisuppgjör	<b>8</b>
Skýringar	<b>14</b>

## Skýrsla og áritun forstjóra

Origo hefur sett sér umhverfisstefnu sem tekur til allrar starfsemi Origo auk allra starfsmanna fyrirtækisins. Starfsmenn og stjórnendur Origo skulu kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni, auk þess að leita leiða til umbóta í umhverfismálum. Framfylgja skal öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi félagsins. Með umhverfisstefnunni skuldbindur félagið sig til að vinna markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Origo hefur sett á stað vinnu að endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækisins og er ætlunin að endurskoðuð umhverfisstefna komi fram á árinu 2020 með skýrari magnbundnum markmiðum til lengri tíma.

Origo er eitt af þeim fyrirtækjum á Íslandi sem hefur undirritað yfirlýsingu um loftslagsmál og þannig skuldbundið sig til að vinna að aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúslofttegunda og minnka myndun úrgangs. Notast er við hugbúnað til að mæla vistspor fyrirtækisins og setja markmið í umhverfismálum fyrir fyrirtækið. Origo hvetur starfsmenn til vistvænna ferðamáta, m.a. með því að veita þeim samgöngustyrki sem stunda vistvænar samgöngur og hefur félagið sett sér sérstaka samgöngustefnu í þessum efnum. Allt sorp sem fellur til, bæði á skrifstofu félagsins, verslun, verkstæði og lager, er flokkað í viðeigandi flokkunartunnur. Félagið hefur tekið stór skref í útrýmingu einnota umbúða sem voru áður í tíðri notkun. Félagið notar eigin lausn, RentaPrent, þar sem lögð er áhersla á að draga úr sóun á pappír.

Origo hf. framkvæmir nú í fyrsta skipti heildstætt umhverfisuppgjör í samstarfi við Klappir Grænar Lausnir fyrir árið 2019. Umhverfisuppgjorið er unnið í samræmi við Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol) og ESG leiðbeiningar NASDAQ og hefur Origo kolefnisjafnað rekstur sinn fyrir árið 2019 með samstarfi við Kolviður (Iceland Carbon Fund).

Síðustu ár höfum við unnið að fjölmörgum verkefnum til að lágmarka vistspor Origo, bæði með samgöngustefnu, flokkun á sorpi, útrýma einnota umboðum og dregið úr sóun á pappír.

Það er mikilvægt að nú erum við með áreiðanleg gögn um vistspor Origo. Á árinu 2020 mun fyrirtækið leggja fram endurskoðaða umhverfisstefnu með enn skýrari og metnaðarfulli markmið en áður.

28/02/2020

Finnur Oddsson

CEO, Origo hf.

# Áritun vottunaraðila

Vottunaraðili: Jón Ágúst Þorsteinsson

Vinnsluaðili: Dr. Laura Mazzola

Gagnasérfræðingur: Höskuldur Arason

Uppgjör þetta staðfestir að þann 11.02.2020 hef ég lokið við að meta gæði þeirra gagna sem notuð eru til grundvallar á útreikningi á kolefnisspori Origo. Origo notar umhverfisstjórnunarkerfið Klappir EnviroMaster til að safna umhverfisgögnum bæði sjálfkrafa og handvirkt.

Klappir EnviroMaster safnar gögnum um eldsneyti, heitt vatn, kalt vatn, rafmagn, úrgangshirðu, endastað úrgangs og pappírsmotkun fyrir skrifstofu fyrirtækisins, útibú og bílaflota.

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda, sem birt er fyrir allar fyrrnefndar eignir, er reiknuð í tCO<sub>2</sub>i og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að gögn Origo og birgja þess, sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2019, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund.

Reykjavík, 25. febrúar 2020,

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Forstjóri Klappa grænna lausna hf.

## Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs

### **Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)**

Við gerð losunaruppgjörs Origo hefur „Operational Control“-aðferðafræðin orðið fyrir valinu en samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra. Þær rekstrareiningar sem falla undir uppgjör Origo eru:

- Höfuðstöðvar Origo
- Útibú Origo
- Bifreiðar í eigu eða rekstri Origo

Skrifstofa Origo í Svíþjóð er ekki talin fram í uppgjöri þessu.

### **Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)**

Innan rekstrarmarka Origo er losun í umfangi 1 og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: Höfuðstöðvar Origo, útibú Origo og farartæki í eigu og/eða rekin af Origo. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Origo, eru: Úrgangur og millilandaflug með Ícelandair.

**Viðmiðunarár** Origo er árið 2018.

## Hápunktar umhverfisársins

Heildarlosun Origo jókst um 1,5% á milli ára 2018 og 2019. Helsta ástæðan fyrir aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda er aukning eldsneytisnotkunar, reiknuð með í útblæstri umfangs 1 (sjá nánari skýringu hér að neðan).

### Umfang 1

Losun umfangs 1 jókst um 22% frá 2018 til 2019. Aukninguna má helst rekja til umfangs eldsneytisnotkunar á árinu 2019 þegar miðað er við árið 2018. Þó að bensínnotkun hafi minnkað um 3.000 lítra hefur dísilnotkun aukist um meira en 10.000 lítra. Notkun metans hefur aukist lítillega en er aðeins 3% af því eldsneyti sem notað er. Það skal tekið fram að díselolía hefur, af þeim þremur eldsneytistegundum sem hér eru taldar fram, mesta losun CO<sub>2</sub> ígilda á lítra.

### Umfang 2

Losun umfangs 2 frá rekstri fyrirtækisins felur í sér losun vegna notkunar á heitu vatni og rafmagni. Losun Origo í umfangi 2 minnkaði úr 26,6 tCO<sub>2</sub>í árið 2018 í 23,8 tCO<sub>2</sub>í árið 2019 eða um 11%. Aðallega má rekja minnkunina til samdráttis í notkun á heitu vatni en raforkunotkunin hélst um það bil stöðug.

### Umfang 3

Óbein losun Origo frá virðisbæturinni nær til millilandaflugs og úrgangs sem myndast við starfsemi Origo. Þrátt fyrir 27% samdrátt í losun CO<sub>2</sub>í vegna úrgangs á milli árána 2018 og 2019, jókst losun í umfangi 3 á milli árána tveggja. Ástæðuna má rekja til tæplega 10% aukningar á losun CO<sub>2</sub>í vegna flugferða. Endurvinnsluhlutfall Origo hækkaði úr 59,9% í 66,5% á milli árána 2018 og 2019.

# Umhverfisuppgjör

## Rekstrarbreytur

Rekstrarbreytur	Einingar	2018	2019
Heildartekjur	ma. ISK	15,7	14,9
Eigið fé	ma. ISK	8,2	6,8
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	567	519
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	-	11.751
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>3</sup>	-	-

## Umhverfi

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2018	2019
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	83,5	101,5
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	26,6	23,8
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> i	26,6	23,8
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	103,8	102,0
Heildarlosun umfanga 1 og 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> e	110,1	125,3
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> e	-	227,3
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum (umfang 1 og 2)	tCO <sub>2</sub> e	110,1	-102,0
Heildarlosun umfanga 1, 2 (landsnetið) og 3	tCO <sub>2</sub> e	213,9	227,3
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> e	-	227,3
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum (umfang 1, 2 og 3)	tCO <sub>2</sub> e	213,9	0

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni umfang 1 og 2 (landsnetið)	Einingar	2018	2019
Kolefniskræfnis orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	32,94	40,36
Kolefniskræfnis starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	0,19	0,24
Kolefniskræfnis veltu	tCO <sub>2</sub> i/ma. ISK	7,0	8,4
Kolefniskræfnis eiginfjár	tCO <sub>2</sub> i/ma. ISK	13,4	18,4
Kolefniskræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	-	10,66
Kolefniskræfni á hvern rúmmetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>3</sup>	-	-

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Losunarkræfni umfang 1, 2 (landsnetið) og 3	Einingar	2018	2019
Kolefniskræfnis orku	kgCO2i/MWst	63,99	73,21
Kolefniskræfnis starfsmanna	tCO2i/stöðugildi	0,38	0,44
Kolefniskræfnis veltu	tCO2i/ma. ISK	13,61	15,31
Kolefniskræfnis eiginfjár	tCO2i/ma. ISK	26,11	33,33
Kolefniskræfni á hvern fermetra	kgCO2i/m <sup>2</sup>	-	19,34
Kolefniskræfni á hvern rúmmetra	kgCO2i/m <sup>3</sup>	-	-
E2 UNGC: P7, P8 GRI 305-4  SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management			

Orkunotkun	Einingar	2018	2019
Heildar orkunotkun	kWst	3.342.370	3.104.602
Þar af orka frá lífoldsneyti	kWst	10.123	14.810
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	318.021	394.094
Þar af orka frá rafmagni	kWst	1.222.115	1.245.392
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	1.792.111	1.450.306
Þar af orka frá upphitun	kWst	-	-
E3 UNGC: P7, P8 GRI 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Orkukræfni	Einingar	2018	2019
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	5.895	5.982
Orkukræfni veltu	kWst/ma. ISK	212.619	209.064
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	-	264
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m <sup>3</sup>	-	-
E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management			

Samsetning orku	Einingar	2018	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	9,50%	12,70%
Kjarnorka	%	-	-
Endurnýjanleg orka	%	90,50%	87,30%
E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management			

Vatnsnotkun	Einingar	2018	2019
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	60.363	61.037
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	29.465	36.032
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	30.899	25.005
Endurunnið vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-
Endurheimt vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-	-
E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management			

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2018	2019
Fylgir fyrirtæki þitt formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já
Fylgir fyrirtæki þitt sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	Nei
E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management			

Loftslagsyfirsýn / stjórn	Einingar	2018	2019
Hefur stjórn yfirumsjón með og / eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	Nei
E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)			

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2018	2019
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og / eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	Nei
E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)			

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2018	2019
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ma. ISK	-	0
E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)			

<b>Meðhöndlun úrgangs</b>	<b>Einingar</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Samtals úrgangur	kg	155.185	123.411
Þar af flokkaður úrgangur	kg	115.640	82.771
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	39.545	40.640
Endurrunnið / endurheimt	kg	92.999	82.044
Urðun / förgun	kg	45.086	41.366
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	74,50%	67,10%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	59,90%	66,50%

<b>Úrgangskræfni</b>	<b>Einingar</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Úrgangskræfni starfsmanna	tonn/stöðugildi	0,3	0,2
Úrgangskræfni veltu	tonn/ma. ISK	9,9	8,3

<b>Viðskiptaferðir</b>	<b>Einingar</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Losun vegna viðskiptaferða	tCO <sub>2</sub> i	70,9	78,3
Flug	tCO <sub>2</sub> i	70,9	78,3
Leigubíll	tCO <sub>2</sub> i	-	-

<b>Ferðir starfsmanna til og frá vinnu</b>	<b>Einingar</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	tCO <sub>2</sub> i	-	-
Endurgreiðir fyrirtæki þitt vistvænan ferðamáta starfsmanna? já/nei		Já	Já

Helstu orkugjafar bifreiða	Einingar	2018	2019
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	33.057	40.685
Metan	lítrar	972	1.351
Bensín	lítrar	6.297	3.275
Dísilólía	lítrar	25.788	36.059
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	23.371	34.085
Metan	kg	729	979
Bensín	kg	4.722	2.456
Dísilólía	kg	21.920	30.650

Meðhöndlun pappírs	Einingar	2018	2019
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	172.662	157.683
Tvíhliða	blaðsíður	86.600	53.732
Litaprentun	blaðsíður	94.475	58.168
Svart / hvítt prent	blaðsíður	121.487	126.381

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2018	2019
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO <sub>2</sub> i	0	227,3
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	0	227,3

Eignastýring	Einingar	2018	2019
Fjöldi bygginga	fjöldi	-	7
Skrifstofurými	fjöldi	-	7
Framleiðslurými	fjöldi	-	-
Fjöldi ökutækja	fjöldi	-	30
Bensín / dísel	fjöldi	-	26
Rafknúin farartæki	fjöldi	-	-
Aðrir eldsneytisgjafar (blendingae, metan, vetni o.s.frv.)	fjöldi	-	4

<b>Kolefnisgjöld</b>	<b>Einingar</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/lítra	9,45	10,4
Kolefnisgjald, bensín	ISK/lítra	8,25	9,1
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	11,65	12,8
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	10,35	11,4
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	295.647	404.816

# Skýringar

## 1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli Origo afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum vegna eldsneytisnotkunar.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Origo. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna flugferða og losun vegna úrgangshirðu frá starfsstöðvum fyrirtækisins.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO<sub>2</sub> ígildum (tCO<sub>2</sub>i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað. Til að mynda jafngildir metan (CH<sub>4</sub>) 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N<sub>2</sub>O) 298 koltvísýringsígildum.

## 2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

## 3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu; umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3 (viðskiptaferðir og úrgangslosun). Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub>í á einingu (svo sem tCO<sub>2</sub>í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

#### **4. Bein og óbein orkunotkun (E3)**

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

#### **5. Orkukræfni (E4)**

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.